

MÁLEFNASAMNINGUR

um meirihlutasamstarf Framsóknarflokks (B) og Sjálfstæðisflokks (D) um stjórnun sveitarfélagsins Norðurþings kjörtímabilið 2022 til 2026.

Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn gera með sér eftirfarandi samkomulag um meirihlutasamstarf í sveitarstjórn Norðurþings kjörtímabilið 2022-2026.

Fulltrúar listanna munu vinna að þessu samstarfi af heilindum og með hagsmuni íbúa og sveitarfélagsins að leiðarljósi.

Lagt er til að:

Sveitarstjóri verði faglega ráðinn.
Forseti sveitarstjórnar verði fulltrúi af B lista og annar varaforseti fulltrúi af D lista.
Formaður byggðarráðs verði fulltrúi af D lista og að varaformaður verði fulltrúi af B lista.
Formaður skipulags- og framkvæmdaráðs verði fulltrúi af B lista.
Formaður fjölskylduráðs verði fulltrúi af D lista.



Nefndarkjör

Í fastanefndir tilnefnir B listi tvo fulltrúa og D listi einn fulltrúa.

Meginmarkmið

- Fjölga íbúum um 100 á kjörtímabilinu.
- Við viljum stuðla að uppbyggingu í anda grænna iðngarða á iðnaðarsvæðinu á Bakka í, með fyrirtækjum sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi og sú uppbyggin verði komin vel á veg á kjörtímabilinu. Markmið okkar er að orka í Þingeyjarsýslum verði nýtt á grunni sjálfbærni hér á svæðinu með tilheyrandi fjölgun starfa og fjölbreyttum atvinnutækifærum.
- Við leggjum áherslu á að byggingarlóðir fyrir íbúðir og atvinnuhúsnæði séu ætíð lausar til umsóknar og bið eftir afhendingu sé ekki of löng.
- Áhersla verði á málefni barna í anda verkefnisins barnvænt samfélag sem styður sveitarfélagið í að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Stuðla að lýðheilsu barna og ungmenna, auka hamingju og velferð.

Á kjörtímabilinu

Byggða- & atvinnumál

- Vinna að uppbygging á iðnaðarsvæðinu á Bakka með nýtingu á orku í Þingeyjarsýslum og áherslu á nýsköpun. Skipuð verður verkefnastjórn með aðkomu haghafa og sveitarfélaga.
- Tryggja staðbundnar bjargir til atvinnuþróunar með störfum atvinnufulltrúa á Kópaskeri og Raufarhöfn.
- Lögð verði sérstök áhersla á markaðs- og kynningarmál svæðisins. Gera sveitarfélagið eftirsóknarverðan stað til að búa og starfa í.
- Hlúa að starfsumhverfi fyrirtækja sem fyrir eru, t.d. í landbúnaði, sjávarútvegi, fiskeldi, ferðapjónustu og iðnaði. Tryggja framboð af lóðum fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi.
- Styrðja við nýsköpun og atvinnuþróun.
- Störf hjá sveitarfélaginu verði auglýst án staðsetningar innan sveitarfélagsins eftir eðli og tilgangi starfa.
- Sækja um byggðakvóta til Húsavíkur og sækja um aukinn byggðakvóta á Kópaskeri og Raufarhöfn.
- Vera í góðu samstarfi við aðila atvinnulífsins og stéttarfélög m.a. um rétta lögheimilisskráningu starfsmanna til að tryggja útsvarstekjur til sveitarfélagsins.

Skipulags- og umhverfismál

- Ljúka vinnu við umhverfisstefnu sveitarfélagsins sem hófst á síðasta kjörtímabili.
- Taka upp aðalskipulag fyrir sveitarfélagið.
- Fara í hugmyndasamkeppni um uppbyggingu miðbæjar á Húsavík þar sem hafnarsvæði, Búðargil, Öskjureitur og miðbær tengjast.
- Farið verður í yfirborðsfrágang á Öskjureit og unnið að framtíðarsýn svæðisins.
- Skógrækt verður augin við þéttbýli.
- Lóðir við uppbyggðar götur verði boðnar á afslætti gegn skilyrtum byggingartíma.
- Nýta byggingarlóðir sem eru klárar til uppbyggingar.
- Lögð verður áhersla á fegrun umhverfis og farið í umhverfisátak innan sveitarfélagsins.
- Kanna möguleika á nýtingu vindorku og smávirkjana og halda áfram jarðhitaleit samhliða skipulagsferli.
- Kanna sölu eigna sem sveitarfélagið telur sig ekki hafa not fyrir.
- Byggja upp göngu- og hjólaleiðir.
- Endurskoða fyrirkomulag sormála samhliða nýrri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi og nýrri lagasetningu.

Fjármál- og stjórnsýsla

- Við ætlum að finna leiðir til að lækka álögur á íbúa og fyrirtæki, m.a. með áframhaldandi lækkun á álagningarprósentu fasteignaskatts.
- Endurnýja heimasíðu Norðurþings með áherslu á stafræna þjónustu og upplýsingamiðlun.
- Að Norðurþing verði leiðandi í þingeyskri samvinnu á grunni héraðsnefndar og landshlutasamtaka sem og í samstarfi sveitarfélaga um veitingu velferðarþjónustu.
- Endurskoða samþykktir um hverfisráð í þeim tilgangi að auka samskipti milli þeirra og stjórnsýslunnar.
- Halda íbúafundi um sveitarfélagið með sveitarstjórn og efla samtal kjörinna fulltrúa við íbúa, fyrirtæki og stofnanir.
- Efla upplýsingaflæði úr stjórnsýslunni til almennings s.s. raunkostnað við veitta þjónustu og ákvörðunartöku kjörinna fulltrúa.
- Sérstök áhersla á aðkomu nýrra íbúa af erlendum uppruna að stjórnsýslunni og samfélaginu
- Sveitarfélagið verður áfram aðili að rammisamningi ríkiskaupa en jafnframt endurskoða aðild að einstökum hlutum hans þegar þeir renna út og nýir eru gerðir.

Menntun- og menning

- Samþætta starf skólastiga við íþróttar-, æskulýðs- og tómstundastarf.
- Byggja upp skólalóðir með skipulögðum hætti.
- Standa vörð um Framhaldsskólann á Húsavík.
- Efla tónlistanám í sveitarfélaginu.
- Veita systkinaafslátt í mótuneytum grunnskóla.
- Auka sérfræðiþjónustu innan skólakerfisins, s.s. með sálfræði- og talmeinaþjónustu.
- Stuðla að starfstengdu námi á grunnskólastigi.
- Skoða mismunandi útfærslur á sumarlokun leikskóla sem lið í aukinni samveru fjölskyldna.
- Áfram verður unnið með það viðmið að öllum börnum sem hafa náð eins árs aldri verði boðin vistun á leikskólum.
- Unnið verði eftir þeirri stefnu að halda úti leikskólaþjónustu á Kópaskeri að lágmarksskilyrðum uppfylltum.
- Koma á tengiliðaverkefni fyrir nýja íbúa með samstarfi sveitarfélagsins, vinnustaða og félagasamtaka.
- Móta framtíðarstefnu um uppbygging á menningarhúsnæði og fá meira líf í menningarhúsnæði sveitarfélagsins í góðu samstarfi við starfsfólk og aðra eigendur.
- Styðja við og gera bæjarhátíðum og öðrum árlegum viðburðum hærra undir höfði.

Velferðarmál

- Koma á fót félagsmiðstöð fullorðinna.
- Endurskoða húsnæðismál fyrir starfsemi Miðjunnar.
- Tryggja framgang uppbyggingu nýs hjúkrunarheimilis.
- Skipa starfshóp um notkun Hvamms á Húsavík sem lífsgæðakjarna í samvinnu við aðra eigendur og hagsmunaaðila.
- Styrðja áfram við öflugt starf félags eldri borgara með áherslu á aukna hreyfingu.
- Skoða og efla þátttökuverkefni eldri borgara.
- Unnið verði að undirbúningi fleiri búsetuúrræða fyrir fatlaða.
- Bæta aðgengi að stofnunum sveitarfélagsins.
- Tryggja nýjan samstarfssamning þingeyskra sveitarfélaga svo Norðurþing geti áfram leitt velferðarþjónustu á sviði félags- og skólaþjónustu með kröftugum hætti á grunni hinna nýju farsældarlaga.

Íþróttir og æskulýðsstarf

- Frístundastyrkur barna verði hækkaður í 30.000 kr. á kjörtímabilinu.
- Frístund og félagsmiðstöð ungmenna á Húsavík verði komin í varanlega aðstöðu fyrir lok árs 2024.
- Áfram verði unnið að uppbygging skíða- og útivistarsvæðis við Reyðarárhjúk.
- Styrðja við uppbyggingu rafíþróttar.
- Huga að uppbyggingu almenningsíþróttar með áherslu á göngu- og hjólaleiðir.
- Áframhaldandi stuðningur við íþróttafélögin og setja fram stefnu og aðgerðaráætlun um uppbyggingu á íþróttar- og tómstundaaðstöðu til framtíðar.
- Skipuð verður afmælisnefnd vegna 100 ára afmælis Völsungs 12. apríl 2027 sem mun safna saman hugmyndum, útfæra og gera tillögu að afmælisgjöf Norðurþings til félagsins.
- Vinna að endurbótum á leikvöllum í sveitarfélaginu.
- Fara í endurbætur á sundlaugaraðstöðunni í Lundi.

Samgöngur og hafnir

- Stofnuð verður þriggja manna hafnarnefnd sem fer með stjórn Hafnarsjóðs Norðurþings í ljósi aukinna umsvifa og framtíðaruppbyggingar.
- Standa vörð um Húsavíkurflugvöll.
- Fara í stefnumótun um starfsemi og aðbúnað hafnanna svo að hver atvinnustarfsemi fyrir sig hafi tækifæri til að vaxa og dafna.
- Hafnarsvæðin verði áfram lífæð atvinnulífs í sveitarfélaginu og grunnþjónustan tryggð við notendur hafnanna.
- Ráðast í lagfæringar á yfirborði gatna og geymslusvæða á hafnarsvæðum.
- Beita okkur fyrir að heilsársþjónusta á Dettifossvegi verði tryggð.
- Hefja á ný vinnu við vegaframkvæmdir á athafnasvæði Höfða á Húsavík.

Húsavík
31. maí 2022

Kjörnir aðal- og varafulltrúa Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks í sveitarstjórn
Norðurþings 2022 - 2026

Bylgja Steingrímsdóttir

Helena Eydís Ingólfssdóttir

Eiður Pétursson

Hjálmar Bogi Hafliðason

Eysteinn Heiðar Kristjánsson

Kristinn Jóhann Lund

Hafrún Olgeirsdóttir

Kristján Friðrik Sigurðsson

Hanna Jóna Stefánsdóttir

Soffía Gísladóttir